


Fylgið spámanna



Með þrótti ♩ = 112-126

Cm



1. Spá-mað-ur var Ad - am
2. Spá-mað-ur var En - ok,



allr - a fyrst - ur hér.
allt gott kennd - i hann.

Ald - in - garð - inn Ed - en tók hann vel að sér. ____
Borg - ar - bú - ar all - ir breytt - u rétt með sann. ____



Drottn - i fylgd - i Ad - am eft - ir boð - um hans,
Rétt - lát - ir þeir vor - u, synd var ekki' að sjá,

við, hans af - kom - end - ur,
svo að Drott - inn tók þá,



Cm Viðlag Fm

síðst - u dag - a manns. Spá - mann - i fylg - ið, spá - mann - i fylg - ið,
sér að bú - a hjá.

G7 Cm

spá - mann - i fylg - ið, leið er ei létt. — Spá mann - i fylg - ið,

Fm G7 Cm

spá - mann - i fylg - ið, spá - mann - i fylg - ið, hann rat - ar rétt.

3. Spámaður var Nói, spáði'um Guð á ný,
iðrun reyndi' að boða' en enginn skeytti því,
sokknir í að syndga - synda skulda skell,
vildu' að hefðu hlustað, þegar flóðið féll.

4. Spámaður var Abram, eignast vildi son.
Ísak sendi Drottinn, óskabæn og von.
Þá gat Ísak Jakob - þekktan Ísraelum,
ætkvíslimar tólf, samkvæmt ritningum.

5. Spámaður var Móse, sendur Ísrael var,
leiða hann til "Landsins", lífa' og búa þar,
en þeir leiddust illa, lýðurinn var þrjár,
eyðimörku flæmdust fjórutíu ár.

6. Spámaður varð ungi sveinninn Samúel.
Hanna því hét Drottinn, þjóna myndi'ann vel.
Nafn sitt heyrði' ann sagt í svefni einhvern veg,
Það var Guð, þá sagði' ann: "Herra, hér er ég."

7. Spámaður var Jónas, reyndi' að flýja fljótt,
lærði seinna' að hlusta og að hlýða skjótt.
Gerum okkar bezta, Guð ei bregðast má.
Jónas lærði þetta' í maga hvalsins þá.

8. Spámaður var Daníel, dæmdi synda vöf,
honum kóngur kasta lét í ljóna gröf.
Englar kyrrðu ljónin, kóngur óðar sá
Daníels mátt, sem treysti' og trúði lög Guðs á.

9. Nú byggjum við veröld verstu truflunar.
Ef þú trúir eigi, taktu fréttirnar.
Leiðsögn góða finna allt til endans má.
Spámönnum ef trúum, treyst á leiðsögn þá.

(Adam) HDP Móse 5:4-12, 58-59
(Enok) HDP Móse 6:26-28; 7:13-21
(Nói) 1 Mós 6-8
(Abraham) 1 Mós 12-50
(Móse) 2 Mós 3; 4 Mós 14
(Samúel) 1 Sam 1; 3:1-10
(Jónas) Jónas 1-3
(Daníel) Daníel 6
(Nú) Kenning og sáttmálar 21:4-7

Lag og texti: Duane E. Hiatt, f. 1937. © 1989 IRI
Ísl. þýðing: Jón Hj. Jónsson